

Ársskýrsla 2019



Hér birtist ársskýrsla Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu fyrir árið 2019.

Skipulag og innihald byggir á texta í fjárveitingarbréfi og forskrift frá mennta- og menningarmálaráðuneyti sent skólameisturum 22.2. 2013 og nefnist *Innihald og lengd á ársskýrslum*.

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:

Á vorönn 2019 voru nemendur við skólann 153. Þar af var 71 karl og 82 konur. Um 40% nemenda voru 20 ára og eldri og 43% búsett utan sveitarfélagsins. Um 50% nemenda voru á stúdentsprófsbrautum, tæp 10% á framhaldsskólabraut og heldur fleiri eða rúm 10% í starfsnámi. Um 30% nemenda voru í ótilgreindu námi og þá oftast fjarnemendur í einum til tveimur áföngum. Á vorönninni voru 24 á starfsmannalistanum. Kennarar í fullu starfi voru 16 og í hlutastarfi voru 5. Aðrir starfsmenn voru 3 og þar af 2 í fullu starfi og auk þess eru 2 húsverðir í Nýheimum sem sinna húsvörslu og þrifum í skólanum.

Á haustönn 2019 voru 144 nemendur við skólann og á starfsmannalistanum voru 25 nöfn. Kennarar í fullu starfi voru 11 og 12 eru í hlutastarfi. Aðrir starfsmenn í fullu starfi voru 1 og 1 að auki í hlutastarfi. Auk þess eru í Nýheimum 2 húsverðir sem sjá um ræstingu og húsvörslu fyrir skólann. Kynjaskipting nemenda var þannig að 73 karlar og 71 kona voru á nemendalista. Um 43% nemenda voru 20 ára og eldri og rúm 40% búsettir utan sveitarfélagsins. Flestir nemendur voru skráðir í nám til stúdentsprófs eða 78 alls. Til framhaldsskólaprófs voru skráðir 15 nemendur, 23 í starfsnámi og 34 í ótilgreindu námi.

Námsframboð:

Námsframboð skólans árið 2019 var bæði hefðbundið og endurspeglar skóla í stöðugri þróun. Boðið er upp á nám til framhaldsskólaprófs og stúdentsprófs auk starfsnáms. Starfsnám í boði árið 2019 var fjallamennska og vélstjórn.

Nám til framhaldsskólaprófs var með óbreyttu skipulagi en vinna var í gangi varðandi námsframvindu með það að markmiði að fjölga þeim sem útskrifast á fjórum önnum.

Nám á hug- og félagsvísindabraut og náttúru- og raunvísindabraut var einnig með hefðbundnum hætti. Í námi til stúdentsprófs er það helst nám á kjörnámsbraut sem er að þróast og breytast. Eftir að list- og menningarsviði var komið á fót sem mögulegri leið á kjörnámsbraut haustið 2017 þá hafa verið að þróast fleiri skilgreind svið kjörnámsbrautar. Segja má að þegar hafi verið til staðar fjallamennskusvið þar sem 60 fageiningar í fjallamennsku voru skilgreindar sem mögulegt sérsvið kjörnámsbrautar. Með svipuðum hætti

hefur A-stig vélstjórnar verið mögulegt sérsvið, öll brautin eða hluti af henni. Upp úr þessum jarðvegi hefur sprottið íþróttasvið þar sem raðað hefur verið saman áföngum sem metnir eru heppilegir fyrir nemendur sem leggja áherslu á íþróttatengt nám. Nú má því segja að boðið sé upp á fjögur misvel skilgreind svið á kjörnámshraut en auk þess er boðið upp á sérsniðna sérhæfingu líkt og áður.

Fjallamennskunámið á vorönn var seinni önnin í tveggja anna skipulagi sem tekið var upp á haustönn 2017. Á vorönninni var jafnframt unnið að kynningu á náminu. Námið var kynnt sérstaklega í framhaldsskólakynningu fyrir grunnskólanemendur í Laugardalshöllinni í mars; búið var til myndband og í umsóknarviðtölum við grunnskólanemendur var fjallamennskunámið kynnt sérstaklega. Kynningarstarfið skilaði sér í töluvert fleiri umsóknum en undanfarin ár og þá einkum frá grunnskólanemendum af svæðinu en einnig frá eldri nemendum. Margir eldri nemanna hættu þó við námið áður en það hófst og nemendahópurinn endaði því með óvenju hátt hlutfall ungra og reynsluminni nemenda en fram að þessu höfðu reynslumiklir nemendur verið uppistaðan í nemendahópnum.

Nám í vélstjórn var með hefðbundnu sniði að mestu. Á haustönn 2018 var þó komið frá Tækniskólanum nýtt skipulag A-stigs vélstjórnar með nýjum áföngum samkvæmt aðalnámskrá frá 2011 og hefur verið kennt eftir því síðan.

Á vorönn og haustönn var boðið upp á nám í lyfjatækni í samvinnu við Fjölbrautaskólann við Ármúla og byggt á samstarfssamningi sem Fjarmenntaskólinn gerði við FÁ. Fáir nemendur voru skráðir í námið og því var líkt og á haustönn 2018 námsframboð miðað við fyrirbyggjandi framboð FÁ til að ná viðunandi hagkvæmni í kennslu og námi.

Framkvæmd markmiða skólans samkvæmt *Stefnuskjali 2019-2021* sem byggt er á lögum um opinber fjármál.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið setur fram þrjú meginmarkmið fyrir framhaldsskóla samkvæmt lögum um opinber fjármál.

1. *Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að bók- og starfsnámi sem uppfylli kröfur næsta skólastigs og eða atvinnulífs.*
2. *Auka framboð á staðfestu, heildstæðu og markvissu starfsnámi.*
3. *Fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma.*

Á grundvelli þessara markmiða setur FAS fram markmið í stefnuskjali skólans 2019-2021. Þessi markmið eru undir hatti kjarnastarfsemi. Fyrir hvert markmið eru settar fram þrjár aðgerðir

1. *Treysta starfsgrundvöll skólans*
 - a. *Fjölga fjarnemum með því að bæta þjónustu og kennslu.*
 - b. *Fjölga nemendum í lista -og verknámi með því að efla nám tengt Vöruhúsinu*
 - c. *Fjölga nemendum af erlendum uppruna með því að mæta betur þörfum þeirra.*

2. *Auka framboð starfsnáms*
 - a. *Efla nám í fjallamennsku og starfendanám í afþreyingarferðabjónustu*
 - b. *Efla samstarf Fjölbrotaskólans við Ármúla og Fjarmenntaskólans um nám í heilbrigðisgreinum*
 - c. *Koma á matreiðslunámi í samvinnu við Menntaskólann í Kópavogi*
3. *Hækka hlutfall þeirra sem ljúka námi á tilskildum tíma*
 - a. *Festa í sessi og þróa frekar foreldrasamstarf*
 - b. *Festa í sessi og þróa frekar umsjónarkerfið*

Í stefnuskjalinu er einnig sett fram markmið undir liðnum rekstrarþættir þar sem fjallað er um starfsmannamál og aðgerðir þeim tengdum.

1. Styrkja og efla starfsþróun starfsmanna skólans

Allar aðgerðir eru með tímasett upphaf og lok og hverju markmiði fylgja einnig mælikvarðar. Til að styrkja skólann eru settar fram þrjú aðgerðir og þeim tengjast þrjú mælikvarðar. Markmið um að auka framboð starfsnáms fylgja einnig þrjú aðgerðir sem metnar eru í gegnum tvo mælikvarða. Markmið um að hækka hlutfall þeirra sem ljúka námi á tilskyldum tíma fylgja tvær aðgerðir sem metnar eru með þremur mælikvörðum. Markmiði um að efla starfmenn fylgi ein aðgerð og einn mælikvarði. Hér verður fjallað um markmiðin þrjú sem tengjast kjarnastarfsemi og einnig markmiðið sem er undir hatti rekstaráætta. Fjallað verður aðskilið um hvert markmið og mælikvarðar sem því tengist.

Kjarnastarfsemi, markmið 1: Treysta starfsgrundvöll skólans

Aðgerðin að fjölga fjarnemum með því að bæta þjónustu og kennslu hófst á haustönn 2016 og gert er ráð fyrir að henni ljúki 2019. Mælikvarðinn er *fjöldi nema í fjarnámi sem ætla að útskrifast frá FAS*. Árið 2017 og 2018 voru þeir 21 og sett viðmið eða markmið fyrir árið 2019 var 24. Mæld niðurstaða fyrir árið 2019 var 32 nemendur og því má segja að þetta markið hafi náðst og rúmlega það.

Aðgerð tvö til að styrkja grundvöll skólans var um fjölgun nemenda í lista- og verknámi. Sú aðgerð var sett af stað á haustönn 2017 og gert ráð fyrir að henni ljúki á vorönn 2021. Til að meta framgang þessarar aðgerðar er notaður mælikvarðinn fjöldi ársnemenda í lista- og verknámi. Árið 2017 voru þeir 39 en 34 árið 2018. Viðmiðið fyrir árið 2019 var 36 en mæld niðurstaða var 23. Þróunin varðandi fjölda ársnemenda í lista- og verknámi hefur því verið í öfuga átt miðað við það sem við ætluðum. Það tókst að fjölga nemendum af erlendum uppruna en þó ekki eins mikið eins og viðmiðið sagði til um. Staðan árið 2018 var 10 nemendur og viðmiðið fyrir 2019 var 15 en mæld niðurstaða fyrir árið 2019 var 11 nemendur af erlendum uppruna í skólanum.

Aðgerðir til að styrkja grundvöll skólans hafa gengið upp og ofan. Best gekk að fjölga

fjarnemum og einnig tókst að fjölga nemendum af erlendum uppruna þó ekki eins mikið og viðmiðið sagði til um. Varðandi fjarnámið þá má segja að FAS eins og aðrir framhaldsskólar sé á markaði þar sem allt landið er markaðssvæðið. Árangur skólans ræðst þá að mestu af gæðum fjarnámsins og markaðssetningu þess. Þegar kemur að nemendum af erlendum uppruna þá skiptir staðnámsstarfssvæði skólans mun meira máli og fjöldinn þar getur verið breytilegur eftir því til dæmis hver staðan er í ferðaþjónustunni og hvort íbúum á svæðinu er að fjölga eða fækka. Ef til vill væri betra að skoða hversu vel skólinn nær til erlendra ríkisborgara sem eru búsettir á svæðinu í ár eða lengur.

Nemendum í lista- og verknámi hefur verið að fækka. Það eru einkum áfangar á lista- og menningarsvið kjörnámsbrautar, í vélstjórn og fjallamennsku sem flokkast sem list- og verknám. Mikil uppbyggingu hefur verið í listnáminu en þar eru þó töluverðar sveiflur á milli anna. Eftir endurskipulagningu fengu margir tækfæri til listnáms sem ekki höfðu haft það í jafn ríkum mæli og áður. Því má segja að ekki hafi verið óeðlilegt að nemendum hafi eitthvað fækkað þegar framboðið var orðið reglulegt. Eftirspurnin eftir vélstjórnarnámi hefur verið svipuð undanfarin ár eða á bilinu 6-12 nemendur og ekki líklegt miðað við fjölda þeirra starfa sem námið nýtist í á svæðinu að þar verði fjölgun þar á næstu árum. Þriðji þáttur list- og verknáms í FAS er fjallamennska en það nám hafði fram að haustönn 2020 ekki náð því flugi sem vonir voru bundnar við.

Kjarnastarfsemi, markmið 2: Auka framboð starfsnáms

Aðgerðin að *efla nám í fjallamennsku og starfendanám í afþreyingarferðaþjónustu* hófst á haustönn árið 2017 og miðað við að henni ljúki á vorönn 2020. Að *efla samstarf Fjölbrotaskólans við Ármúla og Fjarmenntaskólans um nám í heilbrigðisgreinum* hófst á haustönn 2018 og lýkur á vorönn 2021. Aðgerðin *að koma á matreiðslunámi í samvinnu við Menntaskólann í Kópavogi* fór af stað haustið 2019 og gert ráð fyrir að henni ljúki á vorönn 2022. Allar þrjá aðgerðirnar eru metnar saman með tveimur mælikvörðum. Annars vegar út frá fjölda kenndra áfanga og hins vegar út frá fjölda nemenda á viðkomandi námssviðum. Meðaltalsfjöldi kenndra áfanga var 12 árið 2017 en 15 árið 2018. Viðmiðið fyrir árið 2019 var 16 en niðurstaðan var 12 áfangar. Meðaltalsfjöldi nemenda í starfsnámi var 29 árið 2017 og 25 árið 2018. Viðmiðið fyrir 2019 var 27 nemendur og niðurstaðan var 27 nemendur. Ekki hefur náðst viðunandi árangur í neinni af þremur aðgerðum til að auka framboð starfsnáms. Eins og nefnt var hér að framan þá hefur aðsókn að fjallamenskunáminu verið lítil. Samstarf FÁ og Fjarmenntaskólans hefur heldur ekki skilað því sem væntingar stóðu til þegar samstarfssamningur var undirritaður í nóvember 2016. Það sem FAS tók að sér í

tengslum við þann samning var nám á lyfjateknibraut en nemendur hafa verið innan við tug og innan við fimm á árinu 2019. Matreiðslunám í samvinnu við MK fór ekki af stað á árinu 2019 en umræður á milli skólanna hafa þó átt sér stað og við það miðað að aðgerðin standi til vorannar 2022.

Kjarnastarfsemi, markmið 3: Hækka hlutfall þeirra sem ljúka námi á tilskildum tíma

Tvær aðgerðir eru settar fram til að nám markmið 3 og mælikvarðar á árangur eru þrír. Aðgerðirnar eru að festa í sessi og þróa frekar annars vegar foreldrasamstarf og hins vegar umsjónarkerfi. Mælikvarðarnir eru hlutfalli nemenda sem lýkur námi á tilteknum brautum. Á árinu 2018 var umsjónarkerfið stokkað upp með þeim hætti að umsjónarkennurum var fækkað og hver þeirra fékk veigameira hlutverk. Einn umsjónarkennari var settur yfir hverja braut en síðan var sérstakur umsjónarkennari með fjarnemendur og annar sem jafnframt er áfangastjóri gerður að umsjónarkennara útskriftarnemenda af stúdentsbrautum. Samhliða þessu var formlegt samráð og formleg samskipti við foreldra aukin. Við innritun í FAS við lok grunnskóla voru skipulögð viðtöl við nemendur og foreldra þeirra á meðan á umsóknarferlinu stóð og síðan eftir við lok innritunar í júní. Fastir fundir með foreldrum voru settir niður í dagatal skólans og annan hvern föstudag fór skeyti frá umsjónarkennurum til foreldra um áherslur í námi og skólastarfi. Árið 2017 var hlutfall þeirra sem luku stúdentsprófi í sex önnum 36% en var komið upp í 43% árið 2018. Viðmið fyrir árið 2019 var 50% en niðurstaðan var 44%. Hlutfall þeirra sem lauk framhaldsskólaprófi á fjórum önnum var 8% árið 2017 og 11% árið 2018. Viðmið fyrir árið 2019 var 15% en niðurstaðan 25%. Hlutfall þeirra sem luku starfsnámi í fjallamennsku og vélstjórn samkvæmt upphaflegri áætlun var 0% árið 2017 og 17% 2018. Viðmiðið var 20% fyrir 2019 en niðurstaðan var 13%.

Hlutfall þeirra sem útskrifuðust á tilteknum tíma hækkaði á árinu 2019 í tveimur flokkum af þremur; hækkaði undir viðmið í stúdentsnáminu en yfir á framhaldsskólabraut. Hlutfallið lækkaði hins vegar í starfsnáminu. Það er ánægjulegt að sjá þessa hækkun á framhaldsskólabraut en hlutfallið er þó allt of lágt eins og í námi við skólann í heild. Varðandi sveiflur í tölum á milli ára þá er rétt að benda á það fjöldi nemenda er lítill og því geta tilviljunarkenndar sveiflur sem rekja má til aðstöðu einstaklinga skýrt stóran hluta.

Rekstrarþættir, markmið 1: Styrkja og efla starfsþróun starfsmanna skólans

Undanfarin ár hefur töluverð umræða átt sér stað innan skólans um starfsþróun starfsmanna. Í kjarasamningi kennara er gert ráð fyrir að verja 80 klukkustundum á ári í endurmenntun eða starfsþróun en kennurum er í sjálfsvald sett hvort og hvernig þetta er gert.

Undanfarin ár hefur verið gert ráð fyrir því að um helmingur af þessum starfsþróunartíma sé skipulagður af skóla. Miðað hefur við að fara í skólaheimsókn lok vorannar og að vera með sameiginleg námskeið fyrir upphaf skóla á haustönn. Ekki náðist að fara í skólaheimsókn í lok vorannar 2019 og námskeiðahald fyrir upphaf haustannar var rýrara en til stóð.

Í stofnanasamningi FAS og félagsmanna KÍ frá því í október 2018 var reynt að stíga skref til að stuðla að starfsþróun sem kæmi bæði stofnun og starfsmönnum að gagni. Í samningnum eru þrjú af fimm markmiðum samningsins tengd við starfsþróun.

Markmið

- 1. Að launakerfið verði sveigjanlegt og gagnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.*
- 2. Að launakerfið verði starfsmönnum hvatning til markvissari vinnu sem stuðli að auknum árangri nemenda.*
- 3. Að launakerfið miðist við að ráða, viðhalda og byggja upp starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem stofnunin sinnir.*
- 4. Að launakerfið styðji við stefnu og þróun skólans hverju sinni.*
- 5. Að fram fari reglubundið frammistöðumat í tengslum við starfsþróun*

Skilgreining á starfi verkefnastjóra var breytt til að reyna að ná utan um þessi markmið þar sem meðal annars var gert ráð fyrir að allir þeir sem þar væru unnir myndu nýta 80 klukkustundir á ári í starfsþróun. Einnig voru á árinu 2019 gerðar tilraunir til að ná utan um með skipulagðri skráningu umfangi starfsþróunartíma hjá herjum starfsmanni. Niðurstaða þeirrar samantektar átt svo að birtast í *Stefnuskjals* mælikvarðanum *Árlegur hlutfallslegur fjöldi daga af tíu dögum sem starfsmenn í fullu starfi nýta til starfsþróunar*. Ekki tókst að ná utan um þessi gögn á árinu 2019 en vonir standa til að það náist með breyttu verklagi á árinu 2020.

Mat: Sjálfsmat og ytra mat

Sjálfsmatsskýrsla er unnin fyrir hvert skólaár og birt á vef skólans. Þar er greint frá skipulagi, framkvæmd og eftirfylgni sjálfsmats. Í sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2019-2020 er gerð grein fyrir tölum um nemendaígildi, brottfall og meðaltal einkunna. Fjallað er um nýjungar í skólastarfi svo á nýjum sviðum kjörnámshrautar og námsferð í Skaftárhrepp. Í umfjöllun um ytra mat er fjallað um niðurstöður skýrslu Rannsóknar & greiningar sem tekin var árið 2018 og Stofnun ársins.

Afkoma, rekstrarstaða:

Samkvæmt ársreikningi 2019 voru tekjur 232.320.359,- kr. en gjöld 251.351.007,- kr. Gjöld umfram tekjur voru því um 19 milljónir. Tekjur lækkuðu um milljón en gjöldin hækkuðu um

22 milljónir. Munurinn á útgjöldum á milli ára skýrist einkum af launakostnaði.

Launakostnaður var árið 2019 var um 197 milljónir en hafði verið um 178 milljónir árið 2018 sem skýrist bæði af auknum meðalfjölda stöðugilda og launahækkunum. Annar rekstrarkostnaður hækkaði um tæpar fjórar milljónir; einkum vegna aukinna útgjalda í veitinga- og gistipjónustu.

Stjórnun:

Stjórnun skólans á árinu 2019 var með hefðbundnum hætti. Samanber skipurit skólans þá einkennist stjórnunin að mestu leyti af tveimur lögum þar sem starfsmenn heyra beint undir skólameistara. Kennarar og aðrir starfsmenn hafa þó hver sitt starfsvið og bera þar mismikla ábyrgð. Þannig er starfsmaður sem er áfangastjóri í hlutastarfi og gegnir einnig hlutverki aðstoðarskólameistara. Annar kennari sér um erlend samskipti. Sá þriðji er sérstakur tengiliður við list- og verkgreinastarfið sem fram fer í Vöruhúsinu. Þannig mætti áfram telja upp útdeilingu ábyrgðar og starfssviða innan skólans. Fjöldi stundakennara er misjafn eftir önnum og umfangi kennslu en kennarar í fullu starfi kenna iðulega fleiri en eina grein og hafa oft með höndum önnur verkefni einnig.

Samvinna við aðra:

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu starfar við óvenjulegar aðstæður þar sem stafssvæði hans eru um 250 km enda á milli og þar búa ekki nema um 2400 manns. Í rúmlega 30 ára sögu skólans hefur því oft þurft að leita annarra leiða en notaðar eru þar sem fólk er fleira á minna svæði. Lykilatriði í því sambandi er samvinna af margvíslegum toga.

Undanfarin ár hefur skipulag samvinnunnar hverfst í kringum þrjár stoðir, það er að segja Nýheima, Vöruhúsið og Fjarmentaskólann. Samvinna innan allra þessara stoða hefur verið að eflast undanfarin ár og hún hefur gert skólanum kleift að vaxa og dafna með þeim hætti sem raun ber vitni. Til viðbótar hefur erlent samstarf í gegnum tíðina verið mikilvægur hluti náms og kennslu við skólann. Slíkt samstarf hefur einnig verið að aukast undanfarin ár.

Verkefninu „*Sharing competencies in entrepreneurial learning, connecting theory with practise*“ lauk á vorönn 2018. Það verkefni var Erasmus+ nemendaskiptaverkefni með skólum í Eistlandi, Lettlandi, Grikklandi og Ítalíu með áherslu á frumkvöðlanám þar sem nemendur þróa vöru sem þeir selja síðan á nemendafyrirtækjamarkaði í Lettlandi. Á vorönn 2019 var haldið áfram að vinna að Erasmus+ verkefninu „*Cultural heritage in the context of students' careers*“. Áætlað var að því verkefni lyki á vorönn 2020 en því hefur verið

framlengt vegna COVID-19.

Haldið var áfram með Advent verkefnið. Það hófst haustið 2017 og er þriggja ára samstarfsverkefni átta aðila í Finnlandi, Skotlandi og á Íslandi um þróun náms fyrir starfendur í afþreyingarferðþjónustu. Verkefninu er stýrt af FAS og heiti verkefnisins er: *Adventure tourism in vocational education and training*.

Í apríl 2019 var gert samkomulag við Ungmennafélagið Sindra um samstarf um afreksíþróttir. Markmiðið var að efla afreksíþróttir í Sveitarfélaginu Hornafirði og að gera þeim sem það kjósa að tvinna saman nám framhaldsskóla og skipulagðar æfingar í tilteknum íþróttum.

Á árinu var unnið að því að efla starfsnám á landsbyggðinni. Haldnir voru fundir með leiðandi starfsmenntaskólum á höfuðborgarsvæðinu þar sem markmið og skipulag þróunarverkefnis um þetta var kynnt. Verkefnið var einnig kynnt á fundum í stjórn samstarfshattsins Fjarmenntaskólinn og á aðalfundi Skólameistarafélagsins í júní. Um haustið bættist mennta- og menningarmálaráðuneytið inn í hópinn og unnið var að verkefninu skólaárið 2019-2020.

Óformlegt samstarf við fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga er einnig töluvert. Meðal annars vegna viðleitni skólans til að efla starfsnám með tengsl inn á vinnustaði á svæðinu, ekki hvað síst í ferðþjónustu.

Apríl - október 2020, Eyjólfur Guðmundsson skólameistari